

Tillögur A-nefndar að texta í áfangaskjal¹

með skýringum²

Lagt fram til afgreiðslu á 14. fundi Stjórnlagaráðs, 24. júní 2011

Hér er lagður fram nær heildstæður kafli um mannréttindamál. Það sem út af stendur hjá A-nefnd er endanleg afgreiðsla umhverfis- og auðlindagreina, en þar er enn unnið úr athugasemdum sem borist hafa. Nú eru kynntar smávægilegar breytingar á greinum sem þegar hafa verið afgreiddar, og endurbættar greinar sem eingöngu höfðu verið lagðar fram til kynningar áður. Eitt ákvæði hefur ekki verið kynnt áður, auk þess sem nýr valkostur er kynntur í kirkjumálum.

1. Mannleg reisn

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin efnisleg breyting. Aðeins bætt við fyrirsögn.</i>	Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með mannlegri reisn í réttlátu samfélagi. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.	<i>Ekkert ákvæði.</i>

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.

2. Jafnræðisregla

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 12. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar , litarháttar, skoðana, stjórn málatengsla, trúarbragða, tungumáls , uppruna, ætternis og stöðu	Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórn málatengsla, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru	65. grein Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Undirstrikað letur gefur til kynna breytingu frá tillögum stjórnlaganefndar, eða frá ákvæðum núgildandi stjórnarskrár, eftir því sem við á.

að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna	leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.	
--	---	--

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 12. ráðsfundi.
- Kynþætti bætt aftur inn, eftir ábendingar frá sérfræðingum um að varasamt geti verið að fella hugtakið brott.
- Tungumáli bætt inn í upptalninguna, m.a. vegna þess að mögulegt er að kveðið sé á um íslensku sem þjóðtungu annars staðar í áfangaskjalinu.

3. Vernd réttinda

Tillaga A-nefndar	Fyrri áfangaskjöl	Núgildandi stjórnarskrá
Stjórnvöldum ber að tryggja síaukna vernd mannréttinda. Öllum skulu jafnframt tryggð mannréttindi gagnvart lögaðilum, hagsmunahópum og einstaklingum. Mannréttindi tryggð með stjórnarskrá þessari má því aðeins skerða, að almannahagsmunir krefjist þess, enda sé gætt meðalhófs og ekki vegið að kjarna þeirra réttinda sem um ræðir.	<i>Lagt fram í fyrsta sinn.</i>	<i>Ekkert ákvæði.</i>

Skýring:

- Nýtt ákvæði, lagt fram til kynningar.
- Nokkurs konar regnhlífarákvæði, til að undirstrika þau meginsjónarmið sem liggja
mannréttindakaflanum til grundvallar.
- Ætlað að tryggja svokölluð lárétt áhrif mannréttinda – þ.e. ekki einungis á milli stjórnvalda og borgaranna, heldur einnig á milli lögaðila og borgara.

4. Mannhelgi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
Öll skulum við njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.	Allir skulu njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.	<i>Ekkert ákvæði.</i>

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- Orðalagsbreyting, þar sem 1. persóna fleirtölu er notuð til að færa textann í kynhlutlausari átt.

5. Friðhelgi einkalífs

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Öll skulum við njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.</p> <p>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi.</p> <p>Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.</p>	<p>Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.</p> <p>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.</p> <p>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.</p>	<p>71. grein</p> <p>Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.</p> <p>Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.</p> <p>Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.</p>

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- Orðalagsbreyting, þar sem 1. persóna fleirtölu er notuð til að færa textann í kynhlutlausari átt.

6. Réttur barna

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 11. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Börn eiga rétt á að njóta bernsku sinnar. Þeim skal tryggð í lögum sú vernd,</p>	<p>Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu</p>	<p>76. grein (3. mgr.)</p> <p>Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem</p>

<p><u>virðing</u> og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ráðstafanir yfirvalda í málefnum barns <u>skulu þjóna haqsmunum þess</u>. Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar <u>og vilja</u> í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til <u>barnsins</u> í samræmi við aldur þess og þroska.</p>	<p>ráðstafanir yfirvalda í málum sem varða börn <u>taka mið af því sem þeim er fyrir bestu</u>. Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til <u>skoðana</u> í samræmi við aldur þess og þroska.</p>	<p>velferð þeirra krefst.</p>
---	--	-------------------------------

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- Orðalagsbreyting, þar sem 1. persóna fleirtölu er notuð til að færa textann í kynhlutlausari átt.
- Bætt við upphafsmálslið, með markmiðslýsingu fyrir greinina.

7. Tjáningarfrelsi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p><u>Öll erum við</u> frjáls skoðana <u>okkar</u> og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir <u>okkar</u>. <u>Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu, svo sem óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni</u>. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar <u>börnum</u>, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, <u>svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi</u>. <u>Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna</u>.</p>	<p>Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.</p>	<p>73. grein Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.</p>

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- Orðalagsbreyting, þar sem 1. persóna fleirtölu er notuð til að færa textann í kynhlutlausari átt.
- Bætt við skyldu stjórnvalda til að tryggja almenningi grundvöll til lýðræðislegra skoðanaskipta. Sú viðbót stendur í samhengi við greinar um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla, sem koma næstar á eftir tjáningarfrelsisákvæðinu.
- Skerðingarheimild milduð og færð aftast í ákvæðið.

8. Upplýsingafrelsi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 12. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.</p> <p>Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga <u>gögnum, svo sem fundargerðum</u>, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða <u>nema samkvæmt lögum</u>.</p> <p>Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar <u>og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af</u>. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.</p> <p>Afhendingu gagna, <u>geymslu</u> þeirra og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum <u>í lýðræðislegum tilgangi</u>, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður</p>	<p>Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.</p> <p>Stjórnsýsla skal vera gegnsæ, halda til haga fundargerðum sínum og gögnum, auk þess að skrásetja og skjalfesta öll erindi sem henni berast, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða.</p> <p>Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.</p> <p>Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera <u>öllum</u> tiltæk án undandráttar, nema brýnar og rökstuddar ástæður knýi á um leynd þeirra samkvæmt lögum, svo sem við á um sjúkraskýrslur.</p> <p>Afhendingu gagna og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun</p>	<p><i>Ekkert ákvæði.</i></p>

leyndar og takmörkun leyndartíma.	leyndartíma.	
-----------------------------------	--------------	--

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 12. ráðsfundi.
- Orðalag ákvæðisins gert skýrara, í samræmi við umræður á ráðsfundi og innkomnar athugasemdir.
- Til skoðunar að tryggja stjórnvöldum ákveðinn tímafrest til að gera viðeigandi ráðstafanir, svo hægt sé að uppfylla kröfur ákvæðisins.

9. Frelsi fjölmiðla

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 12. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin breyting.</i>	Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum. Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.	<i>Ekkert ákvæði.</i>

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 12. ráðsfundi.
- Greinin er óbreytt frá þeirri útgáfu sem kynnt var.

10. Frelsi menningar og mennta

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 11. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.	Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða, lista og <u>menntunar</u> .	<i>Ekkert ákvæði.</i>

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi og breytt á 11. ráðsfundi.
- Fyrirsögn greinarinnar er breytt, til að endurspegla betur innihald hennar.

11. Trúfrelsi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 11. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p><u>Öll eignum við rétt til trúar og lífsskoðunar. Í því felst rétturinn til</u> að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.</p> <p><u>Öllum er frjálst</u> að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.</p> <p>Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.</p> <p><u>Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.</u></p>	<p>Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Felur sá réttur í sér frelsi hvers og eins til að iðka trú sína, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.</p> <p>Öllum er frjálst að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.</p> <p>Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.</p>	<p>63. grein</p> <p>Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.</p> <p>64. grein</p> <p>Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.</p> <p>Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.</p> <p>Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.</p>

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 11. ráðsfundi.
- Orðalagsbreyting, þar sem 1. persóna fleirtölu er notuð til að færa textann í kynhlutlausari átt.
- Skilið betur á milli réttarins til að hafa trú og til að iðka hana, eftir ábendingar um að skerðingarheimild fyrir útgáfu ákvæðisins hefði verið of óljós.

12. Þjóðkirkja

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 11. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi. Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og</p>	<p>Valkostur 1:</p> <p>Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.</p> <p>Valkostur 2:</p>	<p>62. grein</p> <p>Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.</p>

skal þeirri endurskoðun ljúka innan fimm ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður hvort grein þessi fellur brott í heild sinni eða fyrsta málsgrein stendur ein eftir.	[Ákvæðið falli brott.]	Breyta má þessu með lögum.
---	------------------------	----------------------------

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 11. ráðsfundi.
- Á ráðsfundi var rætt um nauðsyn þess að Stjórnlagaráð legði fram tillögur sínar án valkosta. Því leggur A-nefnd til nýtt ákvæði, þar sem hugmyndir stjórnlaganefndar um bráðabirgðaákvæði eru nýttar. Skoða þarf hvort ákvæðið eigi að standa í mannréttindakaflanum, eins og nú er, eða aftast í áfangaskjalinu, líkt og stjórnlaganefnd leggur til í skýrslu sinni.
- A-nefnd leggur til að Stjórnlagaráð kjósi á milli tillögu nefndarinnar frá 11. ráðsfundi og þeirrar tillögu sem nú er lögð fram.

13. Félagafrelsi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin efnisleg breyting. Aðeins bætt við fyrirsögn.</i>	<p>Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.</p> <p>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.</p>	<p>74. grein (1. og 2. mgr.)</p> <p>Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.</p> <p>Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.</p>

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- A-nefnd hefur ekki lokið efnislegri umfjöllun um greinina.

14. Fundafrelsi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin efnisleg breyting. Aðeins bætt við fyrirsögn.</i>	Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.	74. grein (3. mgr.) Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- A-nefnd hefur ekki lokið efnislegri umfjöllun um greinina.

15. Ríkisborgararéttur

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útflendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.	Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum. Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útflendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. [Seinni tvær málsgreinar gerðar að sjálfstæðu ákvæði um	66. grein (1. og 2. mgr) Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útflendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útflendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir

	ferðafrelsi.]	hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.
--	---------------	--

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- Greininni er skipt upp, þar sem A-nefnd telur ákvæði um ríkisborgararétt og ákvæði um ferðafrelsi vera of eðlisólík til að standa saman í grein.

16. Ferðafrelsi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum. Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.	[Fyrri tvær málsgreinar gerðar að sjálfstæðu ákvæði um ríkisborgararétt.] Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. Allir, sem dveljast löglega í landinu , skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.	66. grein (3. og 4. mgr.) Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- Greininni er skipt upp, þar sem A-nefnd telur ákvæði um ríkisborgararétt og ákvæði um ferðafrelsi vera of eðlisólík til að standa saman í grein.

17. Frelsis svipting

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin efnisleg breyting. Aðeins bætt við fyrirsögn.</i>	Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða	67. grein Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn

	<p>háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.</p> <p>Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.</p> <p>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.</p>	<p>vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.</p> <p>Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus.</p> <p>Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.</p>
--	---	---

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- A-nefnd hefur ekki lokið efnislegri umfjöllun um greinina.

18. Bann við afturvirkni refsingar

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin efnisleg breyting. Aðeins bætt við fyrirsögn.</i>	Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún	69. grein (1. mgr.) Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi

	átti sér stað. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.	sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.
--	--	---

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- A-nefnd hefur ekki lokið efnislegri umfjöllun um greinina.

19. Bann við ómannúðlegri meðferð

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin efnisleg breyting. Aðeins bætt við fyrirsögn.</i>	Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.	68. grein Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi. 69. grein (2. mgr.) Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.

20. Bann við herskyldu

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin efnisleg breyting. Aðeins bætt við fyrirsögn.</i>	Herskyldu má aldrei í lög leiða.	<i>Ekkert ákvæði.</i>

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.

21. Réttlát málsmeðferð

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 8. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<i>Engin efnisleg breyting. Aðeins bætt við fyrirsögn.</i>	Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta öryggis eða réttinda málsaðila. Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.	70. grein Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila. Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

Skýring:

- Breyting á grein sem afgreidd var inn í áfangaskjalið á 8. ráðsfundi.
- Bætt er fyrirsögn við greinina, til samræmis við þá stefnu sem nefndin hefur tekið í þeim greinum sem kynntar hafa verið á síðustu ráðsfundum.
- A-nefnd hefur ekki lokið efnislegri umfjöllun um greinina.

22. Heilbrigðisþjónusta

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 10. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Öllum skal með lögum tryggður réttur til <u>aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi</u> heilbrigðisþjónustu.	Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðisþjónustu sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu að hæsta marki sem unnt er.	76. grein (1. mgr.) Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 10. ráðsfundi.
- Rétturinn til heilsu settur í forgrunn, til samræmis við ábendingar frá sérfræðingum, sem telja greinina svo breytta vera í fullu samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

23. Menntun

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 10. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.</p> <p>Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.</p> <p>Menntun skal miða að alhljóða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur.</p>	<p>Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.</p> <p>Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.</p> <p>Menntun skal miða að fullum þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um réttindi og skyldur.</p>	<p>76. grein (2. mgr.)</p> <p>Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.</p>

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 10. ráðsfundi.
- Lítils háttar orðalagsbreyting.

24. Atvinnufrelsi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 10. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Öllum er okkur frjálst að stunda þá atvinnu sem við kjósum. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.</p> <p>Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma.</p> <p>Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.</p>	<p>Atvinna</p> <p>Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.</p> <p>Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.</p>	<p>75. grein</p> <p>Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.</p> <p>Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.</p>

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 10. ráðsfundi.
- Fyrirsögn greinar breytt.

25. Félagsleg réttindi

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 10. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og</p>	<p>Félagslegt öryggi</p> <p>Öllum skal tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs</p>	<p>76. grein (1. mgr.)</p> <p>Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til</p>

<p>félagslegs öryggis. Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.</p>	<p>öryggis. Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, svo sem vegna atvinnuleysis, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.</p>	<p>aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.</p>
--	---	---

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 10. ráðsfundi.
- Fyrirsögn greinarinnar breytt.
- Barneignum bætt inn í upptalningu um félagslega aðstoð, m.a. vegna fæðingarorlofs.

26. Eignarréttur

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 10. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.</p>	<p>Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Eignarrétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.</p>	<p>72. grein Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.</p>

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 10. ráðsfundi.
- Orðalagi breytt, þar sem fyrra orðalag gaf til kynna að allar skyldur sem eignarrétti fylgja verði að vera lögbundnar.

27. Menningarleg verðmæti

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 10. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
<p>Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.</p>	<p>Þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.</p>	<p><i>Ekkert ákvæði.</i></p>

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 10. ráðsfundi.

32. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum

Tillaga A-nefndar	Áfangaskjal frá 10. ráðsfundi	Núgildandi stjórnarskrá
Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja <u>framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.</u> <u>Löggjafanum er heimilt að veita alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og reglum stjórnarskrárvernd, með fullgildingu og samþykki aukins meirihluta.</u>	Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja með lögum að eftir þeim sé farið. Reglur um mannréttindi njóta stjórnarskrárverndar þegar þær skuldbinda ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi.	<i>Ekkert ákvæði.</i>

Skýring:

- Afgreiðsla á grein sem kynnt var inn í áfangaskjalið á 10. ráðsfundi.
- Texti í fyrri málsgrein færður nær því sem lagt er til í skýrslu stjórnlaganefndar.
- Síðari málsgrein þrengd, til samræmis við ábendingar sérfræðinga um mögulega óljósa réttarstöðu og hættuna við framsal á valdi stjórnarskrárgjafans.

AJ/23.6.2011